



## Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Bakka 3 \* 765 - Djúpvogur \* Sími 472 1690 \* Netfang [ssa@ssa.is](mailto:ssa@ssa.is) \* [www.ssa.is](http://www.ssa.is)

Alþingi

Erindi nr. P 139/1427

komudagur 22. 2. 2011

NEFNDASVIÐ ALÞINGIS  
ALÞINGI  
AUSTURSTRÆTI 8 - 10  
150 - REYKJAVÍK

### EFNI: MÁL 164 - ENDURGR. VSK AF REFA- OG MINKAVEIDUM

Visað er til erindis Nefndasviðs Alþingis, dags. 8. feb. 2011, en þar er Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) gefinn kostur á að veita umsógn um mál nr. 164; frv. til laga um virðisaukaskatt (endurgreiðsla VSK af refa- og minkaveiðum).

Stjórn SSA styður eindregið framgang máls þess, er hér um ræðir. Á vettvangi samstarfs sveitarfélaganna í gegnum SSA hefur af og til verið ályktað um óhæfilegan kostnað sveitarfélaganna vegna refa- og minkaveiða, auk þess sem okkur er kunnugt um að einstakar sveitarstjórnir hafa látið málið til sín taka. M.a. hefur mönnum sviðið sárt að horfa upp á, að verktakar hafa (í mörgum tilfellum) eðlilega þurft að reikna útskatt á vinnu sína við eyðingu refa og minka, án þess að greiðandinn hefði nokkra möguleika á að ná slíkum kostnaði til baka. Vissulega má velta fyrir sér, hversu miklu sveitarfélög eiga að verja í málaflökkinn, en það hlýtur að segja sína sögu að flest viðmiðunarverð ríkisins og þá sérstaklega varðandi refaveiðarnar hafa verið óbreytt í mjög langan tíma. Því er ljóst að auknum kostnaði hefur verið veit yfir á sveitarfélögin í áranna rás.

Í fylgiskjölum með frv. kemur fram að ríkið hefur á ákveðnu ára bili, sem útreikningarnir ná til, fengið til baka um 25 % af knöppum endurgreiðslum sínum í gegnum útskatt veiðimanna, sem greiddur hefur verið af sveitarfélögunum, án þess að þau ættu nokkra möguleika á að ná innskatti til baka. Minnt er á, að minkurinn, þetta óbermi í ísl. náttúru, er ekki þangað kominn vegna ákvarðana á sveitarstjórnarstiginu, heldur vegna aðkomu löggjafar- og framkvæmdavaldsins á sínum tíma. Því hefur mörgum sviðið sárt að horfa upp á, að stór hluti kostnaðar við minkaeyðinguna hefur fallið beint á sveitarfélögin, sökum lágra viðmiðunarverða og vegna greiðslna á VSK, sem þau hafa ekki átt endurkröfurétt á.

**Með vísan til framangreindra upplýsinga er látin í ljós ánægja stjórnar SSA með frv. það sem hér um ræðir og eindregið mælt með að það nái fram að ganga sem allra fyrst á hinu háa Alþingi.**

Ofanritað tilkynnist hér með.

Djúpavogi 21. <sup>feb</sup> 2011;

f. h. S.S.A.

Bj. Hafþór Guðmundsson  
framkvæmdastjóri SSA

Afrit fá; Samb. ísl. sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og stjórn SSA.